


Kópavogsbær

Tjörvi Dýrfjörð, formaður leikskólanefndar Kópavogs
Fannborg 2
200 Kópavogur




Kópavogur, 24. febrúar 2011

Hagræðingartillögur leikskólastjóra

Óskað er eftir því að upplýst verði um hvernig farið hafi verið með hagræðingartillögur leikskólastjóra frá nóvember 2010, þar með talið hvort tekið hafi verið til einhverra þeirra tillagna sem þar er að finna við fjárhagsáætlunargerð Kópavogsbæjar og hvort samráð eða samvinna hafi átt sér stað á milli starfsmanna á bæjarskrifstofum og leikskólastjóra um hagræðingarkröfur.

Ef ekki hefur verið tekið tillit til hagræðingartillagna leikskólastjóra frá nóvember 2010, er óskað eftir því að bæjaryfirvöld rökstyðji af hverju ekki hafi verið tekið tillit til þeirra.

Óskað er eftir svari sem fyrst.

Virðingarfyllt,


Friðrik Friðriksson,
áheyrnarfulltrúi foreldra í leikskólanefnd
Hjallabrekka 36 / Kópavogi